



Alþingi
Erindi nr. P 126/1224
komudagur 13.2.2001

Menntamálanefnd Alþingis
hr. Ágúst Geir Ágústsson nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Kópvogi, 12. febrúar 2001.

Umsögn stjórnar SSH um frumvarp til laga um safnalög, 224. mál.

Svohljóðandi umsögn um ofangreint frumvarp var samþykkt á fundi stjórnar SSH, þann 9. febrúar sl.:

Í 2. gr. segir að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn minja- og listasafna. Það fyrirkomulag, að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn minja- og listasafna, gengur þvert á ákvæði sveitarstjórnarlaga og stjórnarskrár um sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga og því verður að breyta. Eðlilegast er að þetta sé orðið með þeim hætti að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn minja- og listasafna í eigu ríkisins.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að safnaráð hafi eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Stjórnin leggst gegn því að safnaráð hafi eftirlit með öðrum söfnum en þeim sem eru í ríkiseigu.

Í 10. gr. kemur fram að hlutverk safnasjóðs sé að styrkja starfsemi safna sem undir lögin heyra. Þar kemur einnig fram að til að safn eigi rétt á styrkveitingu skuli það m.a. hafa sjálfstæðan fjárhag og starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs.

Nú reka sveitarfélög byggða- og listasöfn með margskonar hætti og hafa sjálf sett sér mismunandi reglur um starfsemi þeirra. Eðlilegast er að sveitarfélögin setji sér sjálf reglur um þá starfsemi sína án þess að til þess þurfi sérstaka staðfestingu safnaráðs og væri sú tilhögun í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnarskrá um sjálfstæði sveitarfélaga. Söfn sem sveitarfélögin eiga gegna þýðingarmiklu menningarhlutverki og eiga því tvísmælalaust að hafa sama rétt á styrkjum til starfseminnar úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar eins og önnur söfn.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu leggst gegn því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd.

Þetta tilkynnist hér með.

Jónas Egilsson,
framkvæmdastjóri.